

Minnisblað dags: 24.11.2021 KIA
Heiti: Staða framkvæmda
Fyrirtæki: Dalabyggð, Dalaveitur ehf.
Inngangur: Farið yfir stöðu helstu framkvæmda á vegum Dalabyggðar.
Athugasemdir: Uppfærslur og viðbætur frá síðustu útgáfu eru undirstrikaðar með rauðu letri.

Dalaveitur ehf:

Ísland ljóstengt 2021 (LJÓS21)

Dalabyggð hefur fengið úthlutun úr Ísland ljóstengt 2021 til tengingar á fjórum stöðum. Kallað hefur verið eftir umsóknum frá notendum viðkomandi staða. **Fyrir liggja umsóknir á tveimur stöðum. Ekki hafa borist fleiri umsóknir. Unnið að plægingu að Gröf í Miðdölum og unnið að undirbúning á heimtaug í veiðihúsið við Dunká.**

Hnitsetningu sumarið 2021 er lokið. Náðist að klára öll svæði sem til stóð, en enn eru eftir stöku heimtaugar í syðri hluta kerfisins og styttri kaflar sem þarf að klára.

Dalabyggð, fjárfestingar:

Íþróttamiðstöð í Búðardal, undirbúningur (ÍPRBDL)

Áætlunargerð og hönnun á Íþróttamiðstöð. Gerð kostnaðaráætlana, frumhönnun, forhönnun o.s.frv. með vörðum. Sérstakur starfshópur sveitarstjórnar fylgir verkefninu eftir. Fyrir liggur frumhönnun og kostnaðaráætlun sem hefur verið lögð fyrir sveitarstjórn sem hefur veitt starfshópi heimild til að hefja undirbúning á alútboði (unnið af Verkís og Alark). **Aðeins skiluðu inn tveir aðilar í forvalið í október, verður því ekki farið í lokað alútboð. Verkefnið var kynnt og rætt á íbúafundi 18. nóvember.**

Staða: Vinna við tæknilýsingar og forskrift (Verkís og Alark) er í gangi.

Áætlun: Sveitarstjórn þarf að ákveða hvort upphæð í fjárhagsáætlun verði breytt til samræmis við kostnaðaráætlanir Verkís. Í framhaldi af því þarf að staðfesta hvort farið verði í opið alútboð eða verkið brotið upp í minni útboðs-einingar.

Dalabúð, kjallari (DALAB'21)

Leggja nýtt gólfefni á kjallargólf vesturálm (salerni + fatahengi), loka af og setja hurð (m.a. flóttaleið) yfir í geymslur undir matsal. Mála og gera rými þrífalegt og nothæft fyrir útleigu félagsheimilis.

Staða: Smíði og málun er lokið.

Áætlun: Setja upp nýja lampa. **Afgangur af áætlun, skoða þarf aðstöðu fyrir þvottavél á efri hæð.**

Auðarskóli, viðhald (GRUN21)

Eftirstöðvar á minni viðhaldsverkefnum og breytingum:

1. Tenging opnanlegra faga í kennara- og smíðastofu.
2. **Rafmagnsrenna í tækjarými smíðastofu (öryggismál vegna snúra á gólfum)**
3. Víxla opnanlegum fögum til að fá náttúrulega loftræstingu í nýja sérkennslustofu + svalahurð (BO) úr nýrri kaffistofu kennara.
 - a. **Búið að panta hurð, kemur eftir áramót.**
4. Lykt í stofu í A horni eftir álm. Opna stökk og þétta við vaskatengingu og niðurfall.
5. Könnun á breytingu á innréttingu eldhúss í leikskóla til að bæta vinnuaðstöðu.
6. Kostnaður vegna aðgerða á leiksvæðum fellur væntanlega á þetta verk.

Samtal í gangi við Verkís um könnun á loftgæðum í grunnskólabyggingu og jafnvel víðar.

Staða: Unnið í nokkrum atriðum á lista.

Áætlun: Ljúka amk atriðum 1 og 2 fyrir áramót.

Auðarskóli, leiksvæði (LEIKSV)

Viðhald og endurbætur vegna athugasemda við aðalskoðun leiksvæða Auðarskóla. Ath að ekki er sér liður fyrir þessu í fjárhagsáætlun og fer sennilega af áætlun fyrir GRUN21.

Staða: Unnið er að uppsetningu þeirra íhluta sem eru komnir.

Áætlun: Kostnaðarsamar aðgerðir eins og grindverk á sparkvelli o.fl. gæti beðið lengur, en nauðsynlegt að setja í áætlun.

Silfurtún, viðhald (SILFUR21)

Endurnýjun gólfefna og eldhúsinnréttingar í tveimur íbúðareiningum. Þétting utan með nýjum gluggum í norðurálmum og yfirferð þéttlista opnanlegra faga í suðurálmum. Endurnýjun/viðgerð á pumpum á svalahurðum. Viðgerð á útvegg og gólfefni vegna raka í nokkrum íbúðarrýmum. Uppsetning á hljóðdeyfiplötum í matsal/miðrymi.

Kaup á nýjum lyfjaskáp.

Styrkur fékkst frá framkvæmdarsjóði aldraðra í hluta framkvæmda.

Staða: Búið að endurnýja gólfefni og innréttingu í tveimur íbúðarrýmum. Önnur rými hafa verið máluð. Nýtt ljósleiðarainntak frá Mílu komið inn og í notkun. Búið að þétta með gluggum norðurálmum.

Rafverktaki hefur unnið í verkefnum sem varða lýsingu, neyðarljós o.fl.

Áætlun: Rafverktaki er að klára sín verkefni, t.d. ljós í borðsal. Ráða þarf verktaka í uppsetningu hljóðdeyfiplatna.

Fráveita, útrás (FRÁVEITA21)

Niðurföll og malbikun við hafnarsvæði, frágangur eftir lagningu stofnlagnar síðasta haust.

Innkaup og undirbúningur hreinsistöðvar fyrir útrás frá Búðardal. Uppsetning áætluð 2022.

Ríkið hefur staðfest kostnaðarþáttöku vegna framkvæmda 2020 og áætluðum framkvæmdum 2021-24

Staða: Búið að ganga frá niðurfallslögnum og malbikun við höfn. Verkis hefur skilað inn forskrift um hvaða kröfur hreinsistöð skuli uppfylla.

Áætlun: Gera og senda út verðkönnun fyrir hreinsistöð.

Gatnagerð (GÖTUR21)

Undirbúningur og jarðvegsskipti fyrir lengingu løjubrautar í nýskipulögðu iðnaðarhverfi. Flytja þarf núverandi gróðurtipp og koma upp á nýjum stað. Frágangur á uppgreftri vegna lengingu Bakkahvamms.

Staða: Verðkönnun var send út í byrjun nóvember vegna flutnings á gróðurtipp. Enginn skilaði inn verðum innan uppgefins tímafrests. Nýkomin inn verð frá verktaka sem er tilbúinn að taka að sér verkið.

Áætlun: Staðfesta verð og koma af stað flutning á gróðurtipp og undirbúning svæðis við løjubraut.

Frumhanna lagna- og gatnakerfis í nýju iðnaðarhverfi.

Sorp, tunnuskýli og ílát (SORP21)

Kaupleiga á sorpílátum fyrir heimili og stofnanir, fyrsta árið af þremur. Smíði og uppsetning á tunnuskýlum fyrir stofnanir sveitarfélagsins og grenndarstöðvar fyrir sumarhús.

Staða: Gámafélagið búið að afhenda öll ný ílát. Búið að smíða öll skýli skv. tilboði.

Forsmíði starfsmannaaðstöðu er lokið og unnið að undirbúning á staðnum og flutning.

Áætlun: Stækkun á skýlum við Gunnarsbraut 11. Undirbúa lagnatengingar fyrir aðstöðu úr áhaldahúsi.

Verktaki á vegum ÍGF grefur fyrir og steypir undirstöður.

Leifsbúð, frágangur og viðhald (LEIFS21)

Endurnýjun á þakrennum og ýmis minni atriði (loftræsting úr ræstikompu og frágangur útihurða) eftir framkvæmdir síðasta árs.

Staða: Rekstraraðili fylgir eftir og framkvæma endurnýjun þakrenna og uppsetningu loftræstingar.

Áætlun: Pöntun á efni í þakrennur og heppilegri opnunarbúnað fyrir útihurð í eldhús.

Fráveita, dren og myndun (DREN21)

Viðauki til að bregðast við óvirkum drenbarka ofan við lóðir Stekkjarhvamms 2, 4 og 6. Að auki verða fráveitustofnar myndaðir og ástand metið.

Staða: Framkvæmdum að mestu lokið og búið að fylla alla skurði. Smá frágangur eftir.

Áætlun: Frágangur við svelg og brunn, auk tiltektar á svæði. Beðið eftir verðum í myndun m.v. vinnu í tvo daga.

Dalabyggð, viðhaldsverkefni á rekstrardeildum:

4301 Vatnsveita - bilanir, brunahanar og endurbætur

Viðgerðir á bilunum og leka á vatnsveitukerfi. Viðauki staðfestur í júní fyrir úrbótaverkefnum:

- Yfirferð/úttekt á stöðu brunahana - **búið**
- Hylja stofnlögn við Fáskrúð og hjá Glerárskógum
- Tyrfa við Búðarbraut (vegna leka frá hausti 2020) - **búið**
- Slitlagsviðgerð í Sunnubraut (eftir leka frá apríl sl.) - **búið**
- Skipta út brunahana í Sunnubraut (hani til) – **búið að grafa upp og útvega efni. Skipt fljótlega.**
- Setja niður nýjan brunahana (hani til)
- **Athugun á brunahana við Vesturbraut/MS – í vinnslu**
- Þrif á miðlunartank
- Þrýstingsdæla á inntak í Dalabúð (þrýstingsvandamál í Dalabúð, grunnskóla og á tjaldsvæði)

Staða: Leki hefur komið upp í stofninum í Sunnubraut, við inntök Sunnubrauta 12 og 14 og við

Sælingsdalstungu. Von er á verðum í búnað vegna þrýstidælu í Dalabúð.

Áætlun: **Klára vinnu við brunahana. Ýta við skoðun á dælu fyrir Dalabúð.**

0565, Eiríksstaðir - viðhald

Þjónustuhúsið var lagfært mikið 2020 (A-gafl klæddur, nýtt gólfefni, kaup á þakjárnri o.fl. viðhald), hluti af frágang og vinna við ásetningu á nýju þakjárnri fellur á þessu ári. Viðgerð á stromp og smá viðbætur á innanverðar hleðslur. Bunga á langvegg við aðalinngang kallar í stórtækar aðgerðir sem fyrst, ath í fjárhagsáætlun.

Rekstraraðilar fengu styrk frá framkvæmdasjóði ferðamannastaða í viðhald salerna og hellulagna, stígagerð og bætt aðgengi fatlaðra.

Staða: Búið að klæða þak þjónustuhúss.

Áætlun: Viðgerð á stromp og annað smálegt viðhald, flest unnin af rekstraraðilum í verktöku. Rekstraraðili framkvæmir sjálfur fyrir styrk, verkefni er í undirbúning. Verður unnið núna í haust.

31301, Stjórnsýsluhús - viðhald og endurbætur

Vaskar á salernum 2. hæðar endurnýjaðir. Uppsetning á hljóðdeyfiplötum í fundarsal. Málun á hurðum í aðalinngang.

Staða: Búið að skipa út vöskum. Búið að útvega hljóðdeyfiplötur.

Áætlun: Uppsetning á hljóðdeyfiplötum, **búið að ráðstafa.** Ýta við málun hurða í aðalinngang.

6511, Hitaveita á laugum – viðhald

Fá úttekt ÍSOR á borholum og tillögur að aðgerðum og viðhaldi. Skoða hvort þurfi að girða eða merkja með viðvörðunarskiltum kringum aðal borholu.

Staða: **ÍSOR vinna nú að úttekt á holu (í dag).**

Áætlun: Fá úttektarsýrslu fyrir borholur.

1059, Götuljós - viðhald

Ófyrirséð viðhald. Skipta út eldri lömpum fyrir LED.

Staða: Til á lager nokkrir LED-lampar. **Beðið eftir tilboði í fleiri lampa.**

Áætlun: Ákveða hvar eigi að skipta um lampa, **búið að setja niður tíma fyrir skipti.**

Verkefni, nánar (verkefnakóti)

Stutt lýsing á verkefni og hvað eigi að gera.

Staða: Verkstaða

Áætlun: Verkáætlun/ næstu skref